# SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR

## 2021 - 2022

Lögð fram á sambandsstjórnarfundi
RSÍ þann 7. maí 2022



EFNISYFIRLIT


INNGANGUR FORMANNS . . . . . . . . . . . . . . 3
STARFSEMI SKRIFSTOFU . . . . . . . . . . . . . . 5
STEFNUMÓTUN RSÍ . . . . . . . . . . . . . . . . 5
HÚS FAGFÉLAGANNA/SAMSTARF . . . . . . . . . 7
MENNTAMÁLIN . . . . . . . . . . . . . . . . . 9
KJARATEYMI . . . . . . . . . . . . . . . . . . 9
KJARASAMNINGAR . . . . . . . . . . . . . . . 11
ATVINNULEYSI . . . . . . . . . . . . . . . . . 13
LAUNAKÖNNUN . . . . . . . . . . . . . . . . . 14
VINNUSTAÐAEFTIRLIT . . . . . . . . . . . . . . 14
ÞJÓNUSTUTEYMI . . . . . . . . . . . . . . . . 15
VIRK STARFSENDURHÆFING . . . . . . . . . . . 16
HELSTU KENNITÖLUR ÚR BÓKHALDI . . . . . . . . 16
FUNDIR MIÐSTJÓRNAR . . . . . . . . . . . . . 17
SAMBANDSSTJÓRNARFUNDUR . . . . . . . . . . . 18
ORLOFSSJÓÐUR . . . . . . . . . . . . . . . . 18
- NÝTING ORLOFSHÚSA . . . . . . . . . . . . 19
- TEKJUR OG GJÖLD . . . . . . . . . . . . . 21
- SUMARÚTHLUTUN . . . . . . . . . . . . . . 22
STYRKTARSJÓÐUR RSÍ . . . . . . . . . . . . . 24
STJÓRNIR OG NEFNDIR . . . . . . . . . . . . . 26
BJARG ÍBÚÐAFÉLAG. . . . . . . . . . . . . . . 30
ERLENT SAMSTARF . . . . . . . . . . . . . . . 30
ÁLYKTANIR Á ÁRINU . . . . . . . . . . . . . . 30

## INNGANGUR FORMANNS



Nú þegar við höfum lifað við heimsfaraldur kórónuveirunnar í rúm tvö ár er vonandi farið að sjá fyrir endann á faraldrinum. Síðasti mánuður hefur gefið tilefni til bjartsýni hvað það varðar en við vitum þó að staðan er viðkvæm og getur breyst hratt. Smitum hér á landi fer nú fækkandi, þegar þetta er skrifað, en þau hafa ekki verið færri síðan í desember 2021 sé horft til sjö daga meðaltals. Áhrifa gætir í rekstri RSÍ sem og annarsstaðar eins og fram kemur víða hér í skýrslu miðstjórnar.

Heimsbyggðin var rétt að nálgast betri stöðu hvað varðar heimsfaraldurinn þegar stríð brestur á í Úkraínu, með innrás rússnesks herliðs inn í Úkraínu. Stríðsátökin hafa haft skelfilegar afleiðingar í för með sér fyrir íbúa Úkraínu. Milljónir hafa nú þegar flúið landið og hafa meðal annars flúið til Íslands. Þetta er mesti fólksflótti í Evrópu frá síðari heimsstyrjöld. RSÍ hefur þegar gripið til stuðnings við móttöku flóttafólks til dæmis með því að bjóða fram íbúðir í Reykjavík og á Akureyri. Alþjóðasamtök sem RSÍ á aðild að eins og Global Power Trade Unions og Nordisk El-federation hafa sent hvatningarbréf á rússneska Rafiðnaðarsambandið þar sem biðlað hefur verið til þess að sambandið leggi sín lóð á vogarskálina til að stöðva þennan stríðsrekstur Rússa. Svarbréf hefur borist sem getur ekki vakið upp vonir um að stríðsrekstur stöðvist í bráð.

Undanfarna mánuði hefur verðbólga verið að aukast. 12 mánaða verðbólga í mars mánuði mældist 6,7% og er það fyrst og fremst veruleg hækkun á fasteignaverði sem og ytri þættir sem hafa þar mest áhrif. Á Íslandi hefur fasteignaverð hækkað um 64% að raunvirði frá árinu 2015 en á sama tíma hefur hækkun á hinum Norðurlöndunum verið frá 5-31%. Að mati hagdeildar ASÍ er hækkunin drifin áfram vegna skorts á húsnæði, aðgengi að lánum og lágum vöxtum. Þrátt fyrir þessa miklu hækkun á fasteignaverði er áfram unnið að því að veikja stuðningskerfi fasteignaeigenda t.d. með veikingu vaxtabótakerfisins. Þessi svakalega hækkun kemur síðan beint inn í skuldahlið heimilanna í formi hærri vaxta og óhemju mikilla vaxtabóta, sem aftur renna til lánveitenda. Krafan um að fella húsnæðisliðinn úr vísitölu neysluverðs stendur enn og hefur ekki verið uppfyllt af hálfu stjórnvalda enn sem komið er. Því þarf hins vegar að breyta enda verulega óeðlileg mögnun í kerfinu til handa fjármagnseigendum.

Annar og jafnvel stærri þáttur sem getur haft áhrif á verðlag til skemmri og lengri tíma er hækkun á hrávöruverði í heiminum. Áhrifa þess er nú þegar farið að gæta að einhverju marki og hefur komið til á fyrstu mánuðum þessa árs. Líkur eru á að sú staða haldi áfram að versna í kjölfar heimsfaraldurs og nú stríðsátaka. Sveiflur á gengi íslensku krónunnar hafa haft áhrif á verðlag á undanförnum misserum. Hærra hrávöruverð og oft á tíðum veruleg hækkun á aðföngum veldur mikilli hækkun verðlags og þar með verðbólgu. Gríðarlega mikilvægt er að verja heimili landsins fyrir þessum verðhækkunum sem og aukinni skuldasöfnun í kjölfar hækkandi fasteignaverðs og verðbólgu.

Skortur á mannafla hér á landi mun auk þess hafa þau áhrif að álag á starfsfólk getur orðið meira en áður en hlutfall lausra starfa á fjórða ársfjórðungi síðasta árs var mest í upplýsingatækni og fjarskiptum, ýmisri sérhæfðri þjónustu og byggingastarfsemi og mannvirkjagerð. Því er ljóst að átak þarf að gera til þess að geta fjölgað þeim sem sækja sér menntun í þeim iðngreinum sem starfa sem dæmi í byggingariðnaði eigi samfélagið að geta byggt upp nægan fjölda fasteigna. Skortur á mannafla sést ekki eingöngu á Íslandi því sambærileg staða virðist vera víða, t.d. á Norðurlöndunum.

Framundan er næsta samningalota. Undirbúningur hefur staðið yfir frá síðasta hausti en auk nauðsynlegrar bakvinnslu þá var farin fundarferð um landið þar sem samtal við félagsfólk var tekið um stöðu mála og hverjar áherslur okkar ættu að vera. Fundirnir voru vel sóttir víðast hvar þrátt fyrir stöðu heimsfaraldurs. Sambærilegir félagsfundir hafa ætíð verið haldnir í aðdraganda kjarasamninga en þess á milli hafa fundirnir verið nokkuð árvissir. Samtalið er alltaf jafn gott og mikilvægt fyrir félagsstarfið, opið og hreinskipt samtal við félagsfólk glæðir starf sambandsins. Mótun kröfugerðar heldur áfram fram til sumars, á sambandsstjórnarfundi í byrjun

maí og í samninganefnd RSÍ. Eins og áður sagði hófst efnisöflun með félagsfólki á haustmánuðum og með trúnaðarmannaráðstefnu RSÍ í október 2021.

Flestir kjarasamningar renna úr gildi 1. nóvember næstkomandi og því mun næsta starfsár einkennast af mikilli vinnu við samningagerðina. Á undanförnum árum hafa kjarasamningar RSÍ mótað grunn fyrir aukinn kaupmátt launa. Kaupmáttur iðnaðarmanna hefur aukist um 44% frá árinu 2010 en þar af hefur mest kaupmáttaraukning komið fram síðan 2015 eða um 32% aukning á kaupmætti launa. Fyrri hluti áratugsins fór í að sækja þann kaupmátt sem tapaðist í efnahagshruninu en sá áfangi náðist í kringum 2015. Allt frá því hefur aukningin verið til bóta. Síðustu kjarasamningar skiluðu 6% aukningu kaupmáttar en þar hefur há verðbólga síðustu mánuði mestu áhrifin til lækkunar. Á sama tíma höfðu lægri vextir verulega mikil áhrif á ráðstöfunartekjur heimilanna en lækkun vaxtastigs í kjölfar undirritun kjarasamninga 2019 lækkaði greiðslubyrði lána verulega. Komandi kjarasamningar munu án efa fjalla um að halda í þá kaupmáttaraukningu sem náðst hefur á undanförnum árum og eftir atvikum að sækja á um áframhaldandi aukningu kaupmáttar. Það eru líkur á að viðræðurnar verði átakamiklar og því er undibúningur í gangi hjá RSÍ vegna þess. Öflugir sjóðir munu styðja við bakið á félagsfólki komi til átaka.

Samstaða innan RSÍ mun skipta sköpum þegar að samningaborðinu kemur. Þar verður eflaust lögð áhersla á að sækja á um einföldun á fyrirkomulagi yfirvinnugreiðslna. Síðustu samningar sem samþykktir voru af félagsfólki í aðildarfélögum RSÍ 2019 voru eitt skref í átt að stytta vinnutímann en án þess að gera yfirvinnu verðminni og ef yfirvinna myndi aukast við styttingu vinnuvikunnar þá kæmi til dýrari yfirvinna sem skilaði hærri launum. Næsta skref hlýtur að vera að eyða út yfirvinnu 1 og festa í sessi hærri yfirvinnuprósentu. Til þess að það náist þá þarf svo sannarlega mikil og breið samstaða að nást í hópi RSÍ og iðnaðarmannafélaganna í heild.

Um síðustu áramót tókum við skref áfram í samstarfi í Húsi Fagfélaganna. Samningur um sameiginlegan rekstur var uppfærður eftir samtal innan samstarfsins og í stjórnum RSÍ (miðstjórn og sambandsstjórn). Helstu breytingar fram á við eru þéttara samstarf á sviðum þjónustu við félagsfólk. Nánar má sjá umfjöllun um samstarf Fagfélaganna síðar í skýrslunni.

Það hefur reynt á starfsemi skrifstofu okkar á undanförnum misserum. Verkefnin hafa verið fjölmörg á sama tíma og við viljum efla starfið heilt yfir. Að takast á við heimsfaraldur, mikil veikindi, fjölmargar áskoranir í tengslum við þetta hefur reynt á. Skortur á tækifærum til að hitta félagana, halda hefðbundna stjórnarfundi o.s.frv. hefur reynst vera áskorun út af fyrir sig. Í gegnum allt þetta ferli hefur starfsfólk RSÍ sinnt verkefnum sínum af svo mikilli prýði að við getum ekki annað en verið stolt af okkar fólki. Starfsfólk okkar hefur sýnt það að við komumst í gegnum erfiða tíma í sameiningu. Ég vil þakka því fyrir frábærlega unnin störf á þessu starfsári.

Að lokum tel ég rétt að nefna þá breytingu sem gerð var um síðustu áramót á námskeiðsstyrk RSÍ og aðildarfélaganna. Þá var styrktarupphæð hækkuð úr 25.000 kr á ári í 70.000 kr. Með þessu komum við til móts við óskir félaganna um hækkun styrksins en þennan styrk er hægt að nýta til hinna ýmsu námskeiða sem þeir sækja. Til viðbótar eru síðan námsskeiðsstyrkir sem mögulegt að sækja um vegna ýmisra fagtengdra námskeiða. Hvet félagana til að skoða það sem er í boði.

Kristján Þórður Snæbjarnarson
Formaður RSÍ

## Starfsemi skrifstofu

Síðustu tvö ár hafa einkennst af heimsfaraldri kórónuveirunnar og þeim áhrifum sem faraldurinn hefur haft á samfélagið og heiminn allan. Undir árslok 2020 hófust bólusetningar hér gegn veirunni og miklar væntingar voru uppi um að eðlilegt líf tæki við í kjölfarið. Raunin varð önnur enda tóku ný afbrigði af veirunni að dreifa sér um heiminn. Bólusetningar höfðu hins vegar þau áhrif að alvarlegum veikindum fækkaði verulega. RSÍ hefur gripið til nauðsynlegra ráðstafana á hverjum tíma til þess að tryggja eftir föngum starfsemi sambandsins og að veikindi eða sóttkví hefði slík áhrif á starfsemina að ekki væri hægt að standa við þær skuldbindingar sem á skrifstofunni hvílir, s.s. greiðsla sjúkradagpeninga og styrkja, ráðleggingar og stuðningur vegna kjaramála. Það tókst að halda grunnstarfsemi uppi allan þennan tíma en það er vegna öflugs starfsfólks sem það tókst, starfsfólk RSÍ hefur verið sérstaklega lausnamiðað og úrræðagott í gegnum þennan tíma.

RSÍ hefur aukið enn við rafræna þjónustu við félagsfólk. Á starfsárinu var tekið upp nýtt fyrirkomulag við móttöku umsókna um sjúkradagpeninga en nú er svo komið að mögulegt er að senda inn rafrænar umsóknir í gegnum örugga gagnagátt en sérstaklega mikið öryggi þarf til að tryggja þær viðkvæmu persónuupplýsingar sem nauðsynlegt er að senda inn með umsókn. Þar með er hægt að sækja um alla styrki og sjúkradagpeninga með rafrænum hætti, fyrir utan eingreiddar dánarbætur.

Á þessum tíma hefur þurft að forgangsraða verkefnum og þrátt fyrir mikinn vilja og áræðni þá þarf að tryggja nauðsynlega þjónustu umfram annað. Stefnan var að klára innleiðingu jafnlaunastefnu hjá RSÍ en ekki hefur gefist færi á að ljúka þeirri vinnu enn sem komið er. Markmiðið er að halda áfram við innleiðinguna á haustmánuðum 2022.

Mikil áhersla var lögð á að ljúka við mótun stefnu RSÍ til næstu fimm ára en eins og fram kom í skýrslu miðstjórnar fyrir árið 2020-2021 þá hafði ástandið áhrif á þessa vinnu. Miðstjórn RSÍ lauk þessari vinnu þó á árinu 2021 og var stefnan kynnt og staðfest á sambandsstjórnarfundi RSÍ á Akureyri í ágúst 2021. Starfsáætlun var mótuð fyrir þann tíma sem eftir var af árinu 2021. Stefna RSÍ er í fimm megin flokkum:

- **Bætt lífskjör**
- **Sterk liðsheild**
- **Leiðandi afl í menntun**
- **Aukið öryggi**
- **Fyrsta flokks þjónusta**

**Sett voru markmið fyrir hvern flokk fyrir sig sem megináhersla yrði lögð á fyrir árslok 2021. Þrátt fyrir að heimsfaraldurinn hefði dregist á langinn þá var lögð mikil áhersla á að ná markmiðum okkar á fyrir þann tíma. Hér má sjá stöðu þessara markmiða um áramótin:**

**Bætt lífskjör**

- Undirbúningur fyrir næstu samningalotu, gögn, greiningar og skjöl liggi fyrir og að sátt væri með undirbúninginn.
  - Unnið var að undirbúningi skjala og gagna fyrir samningalotuna.
  - Ýmsar greiningar voru gerðar fyrir komandi samninga og halda áfram inn í árið 2022.
- Setja upp launagreiningartæki fyrir félagsfólk þar sem gögn úr launakönnun RSÍ yrðu gerð aðgengilegri en áður.
  - 100% virkni.
  - Launamælaborð var sett í loftið að hausti 2021 og kynnt fyrir félagsfólki.

**Sterk liðsheild**

- Hafa opna félagsfundi á helstu fundarstöðum, markmið var sett á 15 fundi.
  - Haldnir voru 13 opnir félagsfundir víðsvegar um landið. Fresta þurfti fundi í Vestmannaeyjum vegna óveðurs.
- Heimsækja vinnustaði, markmið var sett um að heimsækja 20 vinnustaði.
  - Skráðar vinnustaðaheimsóknir í þessum tilgangi voru 6 en hér hafði heimsfaraldur einna mestu áhrifin því þegar markmið voru sett var gert ráð fyrir að dreifing smita væri mun minni.

**Leiðandi afl í menntun**

- Heimsækja skóla víðsvegar um landið og kynna RSÍ. Markmið var sett að heimsækja 10 skóla
  - Heimsóknir í skóla urðu 4 talsins. Starfsemi skólanna var óvenjuleg vegna aðstæðna.

**Aukið öryggi**

- Samstarf á breiðum vettvangi vegna öryggismála. Markmið var sett um að setja upp verkáætlun um samstarf um öryggismál.
- Hefja vinnu með HMS um rafmagnsöryggi og koma á samstarfi.
  - Samtal var við fulltrúa HMS á árinu 2021 og vilji er til samstarfs. Ekki tókst að koma á formlegu samstarfi vegna aðstæðna.

**Fyrsta flokks þjónusta**

- Meta ánægju félagsfólks með þjónustu RSÍ. Markmið var sett að hefja vikulega skráningu til að meta þjónustu RSÍ og að ánægja væri meiri en 90%.
  - Gerð var þjónustukönnun til að fá fram grunnstöðu síðastliðið haust.
  - Ferlar voru undirbúnir til að geta framkvæmt þjónustukönnun vikulega, með reglubundnum hætti.
  - NPS skor RSÍ var mælt og unnið verður út frá því að bæta stöðuna frá því gildi.
  - Í upphafi árs 2022 hófst reglubundin mæling á upplifun félagsfólks á þjónustu sem skrifstofan veitir.

Snemma á árinu 2021 hófst vinna við uppfærslu á heimasíðu RSÍ og hefur sú vinna staðið yfir síðan þá. Heimasíðan er mjög efnismikil og því hefur þurft að setja mikinn tíma í að yfirfæra hana inn í nýtt umhverfi. Forritunarumhverfi gömlu síðunnar var komið til ára sinna og þurfti því að fara inn í nýtt vefumsjónarkerfi. Nýja heimasíðan var sett í loftið í mars 2022 og er unnið að því að ljúka yfirfærslu nauðsynlegs efnis yfir á þá nýju.

RSÍ fagnaði 50 ára afmæli á haustmánuðum 2020 eins og komið hefur fram. Allt frá upphafi þess árs hefur staðið yfir vinna við að rita sögu sambandsins og nú fer að sjá fyrir endann á þeirri vinnu enda bæði umfangsmikil saga og snúnari aðstæður en venjulega líkt og oft hefur komið fram. Stefnt er að því að útgáfa verði fyrir haustið.

## Hús Fagfélaganna

Samstarf iðnfélaganna á Stórhöfðanum hefur haldið áfram að þróast frá því öll félögin sameinuðust um húsnæði 2019 og ákveðinn sameiginlegan rekstur skrifstofunnar. Markmið þessara breytinga er m.a. að leggja áherslu á aukið samstarf iðnfélaganna á hinum ýmsu sviðum og hagræða í rekstri. Á síðasta starfsári var haldið áfram með umræður um að þróa samstarfið áfram en nýverið flutti VM – félag vélstjóra og málmiðnaðarmanna inn á Stórhöfða 29.

## Upphaf samstarfs

Samstarf iðnaðarmanna um sameiginlegan rekstur skrifstofuhúsnæðis og sameiginlegrar móttöku hófst á árunum 2018/2019 þegar RSÍ, MATVÍS, Grafía, Samiðn, FIT og Byggiðn fluttu í sama hús að Stórhöfða 31. Það var síðan 22. nóvember 2019 sem formleg opnun var á sameiginlegu skrifstofuhúsnæði fyrrnefndra félaga og landssambanda iðnaðarmanna. Á þessum tímamótum opnaði sameiginleg móttaka þessara aðila auk þess sem höndum var tekið að þétta samstarf enn frekar innandyra sem snéri að ýmsri bakvinnslu, mötuneyti, rekstri og umsjón fundarsala og að hluta til utanumhald um bókhald. Helsta markmið með þessu skrefi var að veita betri þjónustu til félagsfólks innan allra félaga/landssambanda og á sama tíma að auka samlegð í rekstri.

## Rekstur skrifstofu

Undir lok nóvember 2021 var undirritaður uppfærður samningur um rekstur skrifstofu 2F – Húss Fagfélaganna. Samningurinn var, líkt og almennt er með samninga sem þessa, undirritaður með fyrirvara um samþykki viðkomandi stjórna hlutaðeigandi félaga/landssambanda. Í kjölfar nokkurra ára samstarfs var tekin ákvörðun um að þétta raðirnar enn frekar og styrkja beina þjónustu við félagsfólk allra félaganna sem að samstarfinu standa.

## Þjónusta við félaga

Enn meira samstarf við beina þjónustu til félagsfólks hvað varðar umsóknir í sjúkrasjóði, aðstoð vegna kjaramála og þjónusta vegna orlofssjóða er nú unnið sameiginlega innan hússins. Sameiginlegri móttöku hússins var breytt þannig að nú er móttaka í miðju húsinu sem þjónustar bæði Stórhöfða 29 og 31. VM – Félag vélstjóra og málmiðnaðarmanna flutti inn í Stórhöfða 29 í mars 2021. Samstarf iðnaðarmanna hefur auk þess verið með óformlegri hætti um lengri tíma í ýmsum málaflokkum.

## Samstarf um kjarasaminga

Iðnaðarmenn hafa staðið saman við gerð kjarasamninga á undanförnum árum. Árið 2015 var samstarfið mikið við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Boðað var til verkfalla hjá öllum iðnaðarmannafélögunum í þeirri kjarabaráttu. Á þeim tíma náðist merkur áfangi fyrir félagsfólk innan RSÍ með breytingum á verkfæragjaldi rafvirkja sem og að fyrirkomulag á greiðslu orlofs- og desemberuppbóta var breytt svo dæmi séu nefnd. Gerðir voru vinnustaðasamningar við Ohf fyrirtæki sem hafði verið barist fyrir í nokkurn tíma. Þessir mikilvægu áfangar náðust vegna samstöðu allra iðnaðarmannafélaganna.

## Samstarf um menntun

Samstarfið hefur leitt af sér aukna og bætta þjónustu í menntamálum, eftirmenntunarnámskeiðum fyrir félaga innan RSÍ þar sem okkar fólk getur sótt námskeið hjá IÐUNNI en einnig getur félagsfólk sem greiðir til IÐUNNAR sótt námskeið hjá RAFMENNT. Með þessu er boðið upp á enn meiri fjölda námskeiða.

## Rödd Fagfélaganna sterkari sameinuð

Samstarfið er í formi samstarfs. Ekki er um að ræða sameiningar á neinum sjóðum eða félögum innan hússins. Það er enginn áhugi til slíkra sameininga þó svo aðilar sjái styrk í samstarfi og breiðri samstöðu í baráttu fyrir félagsfólk okkar. Tæplega 20 þúsund félagar eru í viðkomandi félögum og spannar nánast allar iðngreinar á Íslandi.
Rödd Fagfélaganna er og verður sterkari sameinuð. Samstarfið tryggir sæti við hagsmunaborð íslensks samfélags.

## Samstarf um menntun

Samstarfið er til þess að auka og bæta þjónustu sem félagsfólk fagfélaganna fær. Samstarfið er til þess að auka styrk allra félaganna sem að því standa. Samstarfið er til þess nýta þá miklu þekkingu og reynslu sem býr í mannauð skrifstofa allra félaganna.

Samstarfið stuðlar að því að samfélagið hafi sterka sameiginlega rödd í þeim málum sem snertir heildina og auka áhrif iðnaðarmanna með meiri virkni sem hagsmunaverðir fyrir iðngreinar á Íslandi, til dæmi þegar kemur að iðnaðarlöggjöf og eflingu iðn- og tæknigreinanna. Afar brýnt er að rödd fagfélaganna sé sterk í þeirri hagsmunabaráttu sem við erum í á hverjum tíma. Það hefur sjaldan verið jafn mikilvægt fyrir hagsmuni iðn- og tæknigreinar að talsfólki okkar „sé boðið í samtalið!“ Samstaða og samræmd sýn á málin skipta þar öllu máli.

Samstarfið er til þess að fjölga möguleikum félagsfólks til þess að sækja námskeið þvert á RAFMENNT og IÐUNA.

Samstarfið er til þess að draga úr rekstrarkostnaði við ýmsa þætti í rekstri félaganna og auka samlegð með aukinni stærð.

Samstarfið snýr að innra starfi svo sem ýmsri bakvinnslu t.d. við bókhald og almennan rekstur skrifstofunnar/húsnæðis. Nú þegar hefur samstarfið skilað lækkun á innheimtukostnaði allra félaganna svo dæmi séu nefnd.

Allir sjóðir RSÍ, eins og sjúkrasjóður, orlofssjóður, verkfallssjóður og eftirmenntunarsjóður, eru í eigu RSÍ og verða áfram sjálfstæðir sjóðir og notaðir fyrir félagsfólk í þeim aðildarfélögum sem eiga aðild að RSÍ. Engin breyting verður þar á með samstarfi um rekstur skrifstofunnar.

Nánari upplýsingar um Hús Fagfélaganna, og samstarfið innan hússins, er að finna á heimasíðu RSÍ.

**Samstarfið snýr að beinni þjónustu við félagsfólk vegna þeirra fjölmörgu þátta sem félögin sinna dags daglega. Má þar nefna:**

- Umsóknir í hina ýmsu sjóði, móttaka umsókna um styrki, umsjón með bókunum á orlofshúsum og svo framvegis
- Þjónustu og ráðgjöf vegna kjaramála
- Lögfræðiþjónusta vegna kjaramála er sameiginleg
- Gerður hefur verið samningur við Magna lögmenn á Höfðabakka þar sem allt félagsfólk innan félaganna getur fengið persónulega ráðgjöf í hinum ýmsu málefnum o.s.frv.

## Menntamálin

Menntamál eru ofarlega í starfi RSÍ en um langt skeið hefur ítrekað verið unnið að því að auka veg iðnmenntunar á Íslandi og hvert tækifæri nýtt til þess að stuðla að aukinni aðsókn í okkar greinum. Aðsókn hefur verið að aukast jafnt og þétt í rafiðngreinar sem er ánægjulegt. RSÍ hefur kallað eftir því að gerð verði mannafla- og færnispá fyrir íslenskt samfélag með reglubundnum hætti. Þannig megi stýra betur framboði náms í menntakerfinu með þarfir samfélagsins að leiðarljósi. Fulltrúar RSÍ hafa haldið umræðunni á lofti um mikilvægi iðn- og tæknináms og hefur það meðal annars skilað sér í aukinni aðsókn t.d. Í rafiðngreinar. Nú er það svo að haustið 2021 var metaðsókn í iðn- og tækninámsgreinar í framhaldsskólum landsins. Á sama tíma og fjölgunar er þörf ætti þetta að teljast fagnaðarefni. Hins vegar er það svo að fjöldi námsplássa í skólakerfinu hefur ekki staðið undir þessu og þurfti að vísa rúmlega 700 umsækjendum frá skólunum síðasta haust. Rúmlega 400 þeirra sóttu um skólavist í rafiðngreinum! Formaður og varaformaður RSÍ hafa beitt sér í samtali við ráðherra um endurbætur á þessu enda vöntun á starfskröftum út á vinnumarkaðinn.
Síðastliðið haust var gerð breyting á fyrirkomulagi vinnustaðanáms að því leyti að ábyrgð þess að útvega nemum samning hjá meistara færðist yfir til skólanna. Þessu fylgdi reyndar ekki fjármagn né leiðbeiningar um það hvernig skyldi standa að framkvæmdinni. Höfum við lýst yfir áhyggjum vegna þess sem var meðal annars gert í umsögn um reglugerðarbreytinguna.
Þann 5. apríl 2022 var hins vegar stigið stórt skref í þá átt að bæta úr þessu sem og fleiri vandamálum þegar Nemastofa atvinnulífsins var stofnuð. Nemastofa er rekin af RAFMENNT fræðslusetri rafiðnaðarins og IÐUNNI fræðslusetri. Við stofnun stofunnar var skrifað undir samkomulag um að hefja átaksverkefni meðal annars um að stuðla að fjölgun fyrirtækja sem taka að sér iðnnema á starfsþjálfunarsamning. Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, skrifaði undir samkomulagið við fulltrúa Nemastofu, þau Þór Pálsson og Hildi Elínu Vignir.
Á síðustu mánuðum og árum hefur sífellt meiri áhersla verið lögð á aukið samstarf á milli IÐUNNAR og RAFMENNTAR sem hefur meðal annars komið fram í auknu námsframboði þvert á þessi tvö fræðslusetur sem Fagfélögin standa að. Samkomulag hefur verið í gildi um að félagar sem greiða til annars hvors aðilans geta sótt námskeið hjá hinu fræðslusetrinu á niðurgreiddum námskeiðsgjöldum. Í þeim tilfellum þarf eingöngu að bóka námskeið í gegnum þann aðila sem viðkomandi á aðild að. Með þessu er bæði tryggt aðgengi að miklum fjölda námskeiða auk þess að hvor rekstraraðili fyrir sig getur einbeitt sér að þeim námskeiðum þar sem sérþekking er mest og þannig hámarkað gæðin fyrir félagsfólk.

## Kjarateymi

Á síðasta starfsári bárust skrifstofu RSÍ fjöldi mála vegna kjaramála. Í málakerfi RSÍ eru skráð hátt í eitt hundrað verkefni vegna kjaramála en þá er yfirleitt um að ræða ágreining á milli félagsfólks okkar og fyrirtækjanna. Langflest mál leysast með samtali á milli okkar starfsfólks og fyrirtækjanna en þó eru alltaf mál sem fara í lögfræðilegt ferli. Í þeim tilvikum hefur lögmaður í Húsi Fagfélaganna tekið málin til sín til úrvinnslu og eftir atvikum hafa mál farið í ferli hjá Magna lögmönnum sem félögin í húsinu eru með þjónustusamning við. Frá því samningur var gerður við stofuna þá hafa alls 14 mál farið frá RSÍ til þeirra og eftir atvikum farið fyrir dómstóla eða lokið með afgreiðslu þeirra.
Undir lok árs 2021 var samstarfssamningur í Húsi Fagfélaganna uppfærður í anda þess sem hafði verið í umræðu innan okkar raða. Ein af breytingunum var aukið samstarf í kjaramálum og í kjölfarið tók til starfa sameiginlegt kjarateymi í Húsi Fagfélaganna. Við þetta aukna samstarf lögðu félögin í húsinu til starfsfólk í samstarfið og því hefur hópur öflugra sérfræðinga í kjaramálum stækkað verulega. Þessar breytingar hafa nú þegar skilað okkur þeim krafti sem þarf til að sinna kjaramálunum af enn meiri festu og fagmennsku. Meginmarkmið miðstjórnar RSÍ í þessu er að auka og bæta enn frekar þá þjónustu sem félagsfólk okkar fær þegar það leitar til skrifstofunnar og það á öllum sviðum.
Kjaramál og vinnustaðaeftirlit eru málaflokkar sem tengjast hvorum öðrum. Hjá RSÍ hefur starfsfólk sem sinnir þessum málum unnið þétt saman á undanförnum árum og það samstarf heldur áfram innan Húss Fagfélaganna. Í kjölfar heimsfaraldurs stendur yfir vinna við að efla til muna allt starf hjá okkur og er vinnustaðaeftirlitið ekki undanskilið þar. Unnið er að því að rýna skipulagið hjá okkur til þess að efla eftirlitið. Hjá RSÍ er það sem fyrr Adam Kári Helgason sem leiðir vinnustaðaeftirlitið.

Mannabreytingar urðu á skrifstofu RSÍ um og uppúr áramótum meðal annars þegar samstarfið var aukið í húsinu en jafnframt hóf Ísleifur Tómasson töku lífeyris eftir að hafa starfað um áratugaskeið fyrir hönd RSÍ og upphaflega FÍR. Við þökkum Ísleifi fyrir vel unnin störf í gegnum tíðina.

**Starfsfólk kjarateymis RSÍ:**

**Adam Kári Helgason, Björn Eysteinsson, Kristján**

**Þórður Snæbjarnarson**

**Kjarateymi RSÍ vinnur jafnframt þétt með kjaradeild Húss Fagfélaganna sem er skipuð eftirtöldu starfsfólki:**

**Benóný Harðarson,** forstöðumaður, **Ari Ólafsson**

**Thorlacius, Georg Páll Skúlason, Vilhjálmur Sveinsson**

**Elsa María Rögnvaldsdóttir**, lögfræðingur 2F, starfar jafnframt með kjarateyminu.

Starfsfólk kjarateymis fundar vikulega þar sem mál-efni líðandi stundar eru rædd til þaula. Formenn þeirra félaga sem standa að samstarfinu sitja þessa fundi eftir atvikum enda er mikilvægt að gott upplýsingaflæði sé til og frá formönnum félaganna.
Helstu verkefni kjaradeildar sem framundan eru, auk þess að sinna daglegri þjónustu við félagsfólk, að vinna að undirbúningi fyrir komandi kjaraviðræður en langstærsti hluti kjaraviðræðna er og verður ætíð að undirbúa viðræð-urnar, afla nauðsynlegra gagna og veita stuðning til félaganna í samstarfinu.

RSÍ hóf undirbúning vegna komandi kjaraviðræðna með opnum félagsfundum víðsvegar um landið í október 2021. Fundirnir stóðu fram til áramóta en vegna veðurs þurfti að fresta fundi í Vestmannaeyjum. Á þessum fundum var farið yfir ýmis mál tengd starfseminni og kjarasamningum. Kallað var eftir áherslum félaganna til komandi kjarasamninga, hvaða ákvæði kjarasamninga sé þörf að ná breytingum á og svo framvegis. Á þessum fundum komu fram fjölmörg atriði sem þörf er að ná að bæta. Má þar nefna að á flestum stöðum var skýr krafa um að breyta fyrirkomulagi á yfirvinnugreiðslum. Skilgreina þrep í launatöflu fyrir starfsaldur, skilgreina betur þætti í fjarvinnu og margt fleira. Í apríl hófst síðan formleg viðhorfskönnun á meðal alls félagsfólks RSÍ þar sem markmiðið er að fanga með skýrari hætti afstöðu hópsins til komandi viðræðna.
Mikil vinna hefur því nú þegar verið lögð í undirbúning viðræðna og að taka saman ýmis gögn og greiningar fyrir viðræðurnar.
Seinni part árs 2021 tók formaður RSÍ sig til og bjó til ýmsar reiknivélar sem félagsfólk okkar getur notað til að stilla upp dæmum sem snúa að hverjum og einum. Má þar nefna vinnutímareiknivél þar sem auðvelt er að slá inn upplýsingar um upphaf og lok vinnudaga, fyrirkomulag neysluhléa og fá þannig upp hvort vinnutíminn sé í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Komið hefur í ljós að fyrir síðustu kjarasamninga voru ótrúlega oft frávik frá umsömdum vinnuskilgreiningum. Þegar farið var í að innleiða vinnutímastyttingar hafa mörg þessara tilvika komið fram og ljóst að hagsmunir félagsfólks hafa oft á tíðum verið enn meiri við það að fara í viðræður um vinnutímastyttinguna og skilgreiningar á vinnutíma innan mismunandi fyrirtækja. Jafnframt hefur komið á óvart hversu ólík vinnufyrirkomulög eru í notkun innan fyrirtækja.

Reiknivél var sett upp þar sem auðvelt var að sjá hvaða áhrif launahækkunin um áramótin 2021/2022 hefði á launakjör fólks. Þar sem lágmarkslaun hafa hækkað verulega umfram almennar launahækkanir þá skiptir miklu máli að tryggja að hækkun þeirra ýti þeim sem eru staðsettir í launum rétt fyrir ofan lágmarkslaun, það er að segja þegar hækkun lágmarkslauna ýtir markaðslaunum upp. Jafnframt var sett upp reiknivél til þess að finna hvaða álag á að greiða fyrir bakvaktir samkvæmt kjarasamningi RSÍ-SA/SART. Þar er hægt að velja mismunandi skyldur, viðbragðstíma útkalla, og sjá hver launagreiðslan á að vera í samræmi við forsendur. Reiknivélarnar hafa nýst félagsfólki vel en á annað þúsund notenda hafa verið virkir notendur síðustu mánuði.
Kjaradeild Húss Fagfélaganna sá um að skipuleggja sameiginlegt trúnaðarmannanámskeið fyrir öll félögin í húsinu. Félagsmálaskóli Alþýðu sá um framkvæmd þess að vanda. Námskeiðið var haldið á Stórhöfða 29-31 og var vel sótt. Verulega ánægjulegt er að sjá sameiginlegan styrk í samstarfinu koma fram með þéttara og enn sterkara neti trúnaðarmanna.

*Hér má sjá mynd af trúnaðarmönnum sem sátu námskeiðið.*



# Kjarasamningar 2022

Í töflu 1 má sjá dagsetningar undirritunar og gildistíma kjarasamninga RSÍ. Einn kjarasamningur hefur verið í vinnslu síðasta starfsárið en það er kjarasamningur RSÍ við 365 miðla (Sýn). Við sameiningu 365, Vodafone og Sýnar um árið fjölgaði starfsfólki innan fyrirtækisins sem umræddur kjarasamningur náði ekki formlega yfir. Þess ber að geta að launahækkanir hafa skilað sér til fólksins þrátt fyrir að kjarasamningurinn hafi ekki verið undirritaður. Í kjölfarið hefur verið virkt samtal við fulltrúa Samtaka atvinnulífsins um að endurnýja samninginn og/eða ganga í að gera sérstakan kjarasamning fyrir tæknifólk. Í kjarasamningi RSÍ-SA/SART frá 2019 var sérstakur sérkjarasamningur á milli RSÍ/FTR og SA fyrir tæknifólk í rafiðnaði. Með þessu var meðal annars skilgreind launatafla fyrir þessi sérhæfðu störf og var fyrsta skref í að móta skýrari samning fyrir hópinn enda er kjarasamningur RSÍ-SA/SART í grunninn kjarasamningur sem nær til sveinsprófs starfa, rafvirkjar, rafeindavirkjar o.s.frv.

Í lok síðasta árs fór loksins af stað vinna við að innleiða styttingu vinnuvikunnar í ákvæðisvinnu rafiðna. RSÍ hafði þá ítrekað óskað eftir samtali við SA um málið. Í bókun í kjarasamningi frá 2019 voru tveir þættir sem fara átti yfir en annar snéri að vinnutímastyttingunni og hinn að rýna í launaþróun starfsfólks í ákvæðisvinnu.
Í þeim greiningum á vinnutíma í ákvæðisvinnu kom skýrt fram að kaffitímar eru óvirkur vinnutími þegar kemur að því að meta afköst starfsfólks, þ.e.a.s. á meðan á kaffihléi stendur ávinnast ekki einingar á meðan. Því var ljóst að upptaka virks vinnutíma hafði ekki áhrif á einingaverð í ákvæðisvinnu en á sama tíma þýðir það að stytting vinnutímans um 45-65 mínútur á viku, í takt við samningana frá 2019, krafðist þess að hækka þurfti einingaverðið sérstaklega til þess að mæta styttri vinnutíma, færri unnum stundum á viku. Samkomulag varð um að hækka einingaverð ákvæðisvinnu um 2,29%. Er sú hækkun til þess að mæta styttingu vinnuvikunnar úr 37:05 virkum klst á viku niður í 36:15 virkar klst á viku. Til viðbótar hækkaði verkfæragjald rafvirkja úr 5,7% í 6% og fór því 0,3% hækkun inn í einingaverðið til að mæta þessari hækkun.

TAFLA 1

| Kjarasamningur | Undirritun | Gildistími |
|---|---|---|
| RSÍ - SA/SART (almenni) | 3. maí 2019 | 1. nóvember 2022 |
| Grafía - SA (almennur) | 3. maí 2019 | 1. nóvember 2022 |
| RSÍ – Ríkið | 21. janúar 2020 | 31. mars 2023 |
| RSÍ – Reykjavíkurborg | 22. janúar 2020 | 31. mars 2023 |
| RSÍ – Borgarleikhúsið | 25. júní 2019 | 1. nóvember 2022 |
| RSÍ – Síminn og dótturf. | 5. júní 2019 | 1. nóvember 2022 |
| RSÍ/FÍS – Síminn og dótturf. | 6. júní 2019 | 1. nóvember 2022 |
| RSÍ/FÍS – Já | 21. ágúst 2019 | 1. nóvember 2022 |
| RSÍ – Félag atvinnurekenda | 14. júní 2019 | 1. nóvember 2022 |
| Grafía - Félag atvinnurekenda/SÍA | 21. maí 2019 | 1. nóvember 2022 |
| RSÍ – Landsvirkjun | 1. nóvember 2019 | 1. nóvember 2022 |
| RSÍ – Landsnet | 2. desember 2019 | 1. nóvember 2022 |
| RSÍ – RARIK | 26. nóvember 2019 | 1. nóvember 2022 |
| RSÍ – Orkuveita Reykjavíkur | 3. desember 2019 | 1. nóvember 2022 |
| RSÍ – HS Orka | 28. október 2019 | 1. nóvember 2022 |
| RSÍ – HS Veitur | 25. nóvember 2019 | 1. nóvember 2022 |
| RSÍ – Norðurorka | 12. júlí 2019 | 1. nóvember 2022 |
| RSÍ – ISAL | 22. júní 2021 | 31. desember 2026 |
| RSÍ – Elkem | 13. febrúar 2020 | 31. desember 2020 |
| RSÍ – Steinullarverksmiðjan | ágúst 2019 | 31. desember 2022 |
| RSÍ – 365 | Ófrágenginn | |
| RSÍ – Advania / NRTF | 22. nóvember 2020 | 31. desember 2025 |
| RSÍ – Norðurál | 13. október 2020 | 31. desember 2024 |
| RSÍ – Alcoa Fjarðaál | 4. febrúar 2021 | 28. febrúar 2023 |
| **5. kafla samningar (RSÍ-SA/SART)** | | |
| ISAVIA | maí 2019 | 1. nóvember 2022 |
| RÚV | 2. maí 2019 | 1. nóvember 2022 |
| Marel | 17. desember 2019 | 1. maí 2023 |

## IÐNAÐARMENN LAUNAVÍSITALA

MYND 1




## IÐNAÐARMENN LAUNAVÍSITALA

MYND 2




## IÐNAÐARMENN KAUPMÁTTUR

MYND 3




## IÐNAÐARMENN KAUPMÁTTUR

MYND 4




## VÍSITALA NEYSLUVERÐS

MYND 5




## GENGISVÍSITALA

MYND 6



Einingaverð frá 1. janúar 2022 er því 719,69 kr. og gildir taxtinn til 31. mars 2022.

Þann 1. janúar 2022 tók gildi nýtt ákvæði almenna kjarasamningsins, svokallaður staðlaður valkvæður fyrirtækjaþáttur aðalkjarasamnings. Hann tekur á vinnutíma allra þeirra vinnustaða sem ekki hafa samið um fulla styttingu vinnuvikunnar með því að fella niður formleg kaffihlé og ná þar með mestri styttingu á vinnutíma og viðveru á vinnustað. Samkvæmt ákvæðinu styttist vikulegur vinnutími niður í 36,15 á viku eða 157,08 virkar vinnustundir á mánuði. Forsenda þessa vinnutíma er að EKKI séu gerðar neinar breytingar á neysluhléum í dagvinnu, þannig að kaffitímar eru 35 mínútur á dag. Sé gerð breyting á kaffitímum þá gildir að virkur vinnutími á viku á að vera 36 vinnustundir.

Heimsfaraldur hefur haft veruleg áhrif á íslenskan vinnumarkað og er síðastliðið starfsár ekki undanskilið hvað það varðar. Áhrifin hafa verið margvísleg, bæði neikvæð og jákvæð. Í sumum greinum hefur verið mikið atvinnuleysi og lítið af lausum störfum í boði. Í öðrum greinum hefur verið skortur á starfskröftum og þar af leiðandi mikil vinna í boði en þrátt fyrir skort á starfsfólki. Þá hefur launaskrið verið tiltölulega lítið á undanförnum tveimur árum sem orsakast líklega af þeirri staðreynd að atvinnuleysi hefur verið tiltölulega mikið þó það hafi verið tengt við ákveðinn hluta vinnumarkaðar fremur en aðra.

Samkvæmt launagreiningum sem Alþýðusamband Íslands vann fyrir RSÍ má sjá hvernig launaþróun og kaupmáttaraukning hjá iðnaðarmönnum hefur verið allt frá árinu 2010. Ef rýnt er í þróunina má sjá að mesta kaupmáttaraukningin er í kjölfar kjarasamninga 2015 og til dagsins í dag. Á sama tíma má sjá hvernig verðbólga á fyrrihluta tímabilsins hefur étið upp þær launahækkanir sem kjarasamningar og launaskrið skiluðu á því tímabili. Í kjölfar þess að kjarasamningar voru gerðir undir lok árs 2014, við sólstöður, þar sem samið var um mjög hófstilltar launahækkanir, eða 2,8% þó að lágmarki 8.000 kr, var farið í átak gegn verðlagshækkunum með átakinu "Vertu á verði" þar sem barist var gegn öllum hækkunum hvort sem það voru gjaldskrárhækkanir opinberra aðila eða verð í matvöruverslunum sem varð til þess að verðbólga lækkaði.

Allt frá þessum tíma hefur íslenskt samfélag búið við lága verðbólgu en á sama tíma náð að leiðrétta launakjör. Þegar við rýnum efnahagsaðstæður á þessum tíma og til dagsins í dag þá sjáum við hinar raunverulegu ástæður þess að verðbólga hefur verið lág. Meginástæðu má sjá í gengisþróun íslensku krónunnar. Frá árinu 2014 til loka árs 2018 var tímabil styrkingar krónunnar en í kjölfar þess tímabils og frá þeim tíma sem markar upphaf falls WOW air og hvaða áhrif fall félagsins, ásamt fleiri þáttum, hafði á íslenskt samfélag. Undanfarna mánuði höfum við séð samfellda styrkingu á gengisvísitölu krónunnar í kjölfar heimsfaraldursins og gera má ráð fyrir að mögulegt verði að byggja á þeirri stöðu í komandi samningaviðræðum.

## Atvinnuleysi

Á undanförnum tveimur árum hefur heimsfaraldur kórónuveirunnar haft veruleg áhrif á vinnumarkaðinn. Ein birtingarmyndin kemur fram í fjölda þeirra sem eru í virkri atvinnuleit. Atvinnuleysistölur sýna að fjöldi þeirra sem fengu greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði var mestur í apríl 2020, sjá mynd nr.7. Allar götur síðan hefur dregið úr atvinnuleysi innan aðildarfélaga RSÍ en í janúar 2022 voru 124 einstaklingar í virkri atvinnuleit. Hafa þarf í huga að hluti þessara einstaklinga var á hlutabótaleiðinni, á meðan á því úrræði stóð, samhliða starfi á meðan aðrir voru í fullri atvinnuleit.
Fjöldi greiðandi félagsmanna hefur haldist nokkuð stöðugur síðustu mánuði en hafa þarf í huga að eitthvað getur vantað upp á skráningu greiddra félagsgjalda fyrir janúar og febrúar 2022 þar sem skilagreinar berast með örlítilli seinkun. Á mynd mynd nr. 8 má sjá fjölda greiðandi félaga, fjölda gjaldfrjálsra félaga auk fjölda þeirra sem eru í atvinnuleit og fá greiðslur frá Atvinnuleysistryggingasjóði.

**ATVINNULEYSI** MYND 7




**FJÖLDI VIRKS FÉLAGSFÓLKS** MYND 8



# Launakönnun RSÍ 2021

Launakönnun RSÍ var í október 2021 og endurspeglar laun í septembermánuði líkt og undanfarin ár. Þau nýmæli voru að niðurstöður könnunar eru settar fram í svokölluðu markaðslauna mælaborði sem Gallup þróaði fyrir RSÍ. Mælaborðið gerir niðurstöður aðgengilegri fyrir félagsfólk þar sem mögulegt er að velja mismunandi forsendur eftir því hvað fólk vill skoða.

Þátttakan í könnuninni var betri núna en fyrir ári síðan, eða 33% en var 28% árið á undan. Alls svöruðu 1.789 félagsmenn þessari könnun. Það sem mikilvægast er að horfa í er hvernig launaþróun dagvinnulauna er á milli ára. Að meðaltali voru dagvinnulaun í september 2021 678.000 kr. og hækkuðu um 6% að meðaltali á milli ára. Það er áhugavert að skoða hvernig launaskrið mælist hjá hverju og einu aðildarfélagi RSÍ. Mest hækkun dagvinnulauna er hjá Rafiðnaðarfélagi Suðurnesja eða 14,3% en minnst hækkun er hjá Félagi rafiðnaðarmanna á Suðurlandi. Rétt er að taka fram að þetta eru tiltölulega fáir svarendur í hvorum hópi fyrir sig sem getur valdið meiri sveiflum í mælingum á milli ára.

TAFLA 2

| Launatafla 1: | Grunnlaun/Dagvinnulaun | | | | | Grunnlaun/Dagvinnulaun | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Atvinnugrein / dagvinnulaun** | **2020** | | | | | **2020** | | | | | | |
| | Meðaltal | 25% mörk | Miðgildi | 75% mörk | n | Meðaltal | 25% mörk | Miðgildi | 75% mörk | n | Breyting mánaðarlaun (%) | Breyting mánaðarlaun |
| Byggingariðnaði | 571 | 491 | 560 | 623 | 174 | 589 | 495 | 560 | 650 | 229 | 3,20% | 18 |
| Fjarskiptum eða fjölmiðlum | 642 | 505 | 616 | 714 | 139 | 703 | 572 | 670 | 794 | 193 | 9,40% | 61 |
| Kvikmyndaiðn./Leikh./Uppl.-/Afþr.þjón. | 642 | 488 | 610 | 800 | 48 | 676 | 533 | 643 | 800 | 59 | 5,30% | 34 |
| Raforkuframleiðslu/-flutningum | 622 | 525 | 578 | 631 | 109 | 649 | 575 | 616 | 655 | 119 | 4,30% | 27 |
| Stóriðju/Iðnaðarframl./Landb./Fiskv. | 643 | 522 | 643 | 725 | 114 | 676 | 558 | 648 | 782 | 137 | 5,00% | 32 |
| Tækniþjónustu | 633 | 510 | 590 | 740 | 124 | 670 | 557 | 653 | 753 | 150 | 5,90% | 37 |
| Upplýsingatækni/Ranns.-/Ráðgj.þjón. | 780 | 641 | 760 | 900 | 125 | 800 | 656 | 800 | 900 | 176 | 2,50% | 19 |
| Heildsölu, verslun og/eða þjónustu | 687 | 544 | 680 | 810 | 65 | 727 | 600 | 698 | 838 | 92 | 5,80% | 40 |
| Öryggis- og eftirlitsþjónustu | 647 | 580 | 610 | 695 | 32 | 617 | 552 | 600 | 653 | 47 | -4,60% | -30 |
| Prentiðn./Hönnunargr./Auglýsingag. | 599 | 500 | 580 | 696 | 171 | 646 | 529 | 606 | 749 | 102 | 8,00% | 48 |
| Annað | 643 | 520 | 613 | 797 | 70 | 692 | 550 | 690 | 805 | 117 | 7,50% | 48 |
| Samtals: | | | | | 1.171 | | | | | 1.421 | | |

Heildarlaun hækkuðu einnig nokkuð á milli ára og mældust 823.000 kr og er það hækkun upp á tæp 6% á milli ára.

Meðalvinnutími hjá þeim sem vinna fullt starf samkvæmt könnuninni var 180 klst. Þegar spurt var út í framkvæmd á vinnutímastyttingu þá kemur fram að um 67% svarenda segja að búið sé að innleiða vinnutímastyttingu eða sé í undirbúningi. Um 31% svarenda segja að ekki sé byrjað að undirbúa vinnutímastyttingu. Í rétt tæplega 40% tilfella er vinnutímastytting tekin út einu sinni í viku, 28% tilvika er hver vinnudagur styttur en í 19% tilvika safnar starfsfólk upp tíma yfir lengra tímabil en viku. Í 23% tilvika hefur verið samið um aukinn sveigjanleika hvað varðar vinnutíma.
Að þessu sinni var einnig spurt um samskipti á vinnustöðum. Í 74% tilvika voru svarendur mjög sammála eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að samskipti á mínum vinnustað væru opin og heiðarleg. Í 10% tilvika var á hinn bóginn fólk frekar ósammála eða mjög ósammála þessari fullyrðingu. Það er alþekkt að opin umræða á vinnustöðum ýtir undir skoðanaskipti, hugmyndauðgi og nýsköpun. Því er mikið unnið með því að ýta undir opin samskipti til þess að nýta mannauð sem allra best.
Í stefnu RSÍ sem samþykkt var árið 2020 var lögð aukin áhersla á öryggismál og því var spurt um upplifun félagsfólks til öryggismála á vinnustað. 83% svarenda töldu öryggi sitt tryggt á vinnustaðnum en það sem verra er að í 4,8% tilvika upplifir fólk að öryggi sé ekki tryggt, mögulega ábótavant á sínum vinnustað. Það er skylda atvinnurekenda að tryggja starfsfólki heilsusamlegt og öruggt umhverfi. Því er mikilvægt að starfsfólk nýti sér þær leiðir sem fyrir hendi eru til að þrýsta á fyrirtækin að gera úrbætur í öryggismálum. Á vinnustöðum á að kjósa öryggistrúnaðarmann sem getur unnið að slíkum málum en auk þess er alltaf hægt að leita til Vinnueftirlitsins eða þá hreinlega leita ráða hjá RSÍ.
Launakönnunin er mjög umfangsmikil og er upptalning hér að ofan alls ekki tæmandi. Við hvetjum félaga til þess að kynna sér helstu niðurstöður hennar en jafnframt gefur könnunin félögum okkar gott tækifæri til að bera sig saman við markaðinn og sækja á um launahækkanir séu laun ekki samkeppnishæf.

## Vinnustaðaeftirlit

Vinnustaðaheimsóknir eru skráðar í sameiginlegt tölvukerfi sem rekið er af ASÍ og SA. Þeir aðilar sem hafa aðgang í kerfið eru að auki Ríkisskattstjóri, Vinnumálastofnun og lögreglan þar sem þessar stofnanir fylgjast með þeim aðilum sem skráðir eru og sannreyna að t.a.m. atvinnuleyfi sé til staðar og að skattar og gjöld skili sér í ríkiskassann.

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflum þá hefur heimsfaraldurinn haft veruleg áhrif á vinnustaðaeftirlitið hjá félögum innan ASÍ. Bæði er það fjöldi daga sem teljast til virkra eftirlitsdaga en auk þess færri einstaklingar skráðir í kerfið. Í báðum tilvikum orsakast það af takmörkuðu svigrúmi til að heimsækja vinnustaði.
Markmið vinnustaðaeftirlitsins er ekki eingöngu að skrá einstaklinga heldur fyrst og fremst að heimsækja sem flesta vinnustaði sem falla undir lögin um vinnustaðaeftirlit. Að vera sýnileg og veita stuðning til starfsmanna og veita fyrirtækjunum aðhald á sama tíma. Alþýðusamband Íslands heldur utan um heildarskipulag eftirlitsins þó svo verkstjórn sé hjá hverju félagi fyrir sig.
Í kjölfar aukins samstarfs í Húsi Fagfélaganna þá nær samstarfið jafnframt yfir vinnustaðaeftirlitið og er horft til þess í samanburðartölum í töflunni. Í kjölfar heimsfaraldurs er unnið að því að móta stefnu í eftirliti komandi mánaða með það að markmiði að efla eftirlitið og hámarka þau verðmæti sem félögin/samböndin fá úr því.

**TAFLA SKRÁÐIR STARFSMENN** — **TAFLA 3**

| | ALLIR | RSÍ | HLUTFALL |
|---|---|---|---|
| **2015** | 2358 | 283 | 12% |
| **2016** | 7444 | 670 | 9% |
| **2017** | 8085 | 1051 | 13% |
| **2018** | 6896 | 780 | 11% |
| **2019** | 6574 | 2053 | 31% |
| **2020** | 2380 | 1202 | 51% |
| **2021** | 2072 | 1321 | 64% |
| **2022** | 149 | 63 | 42% |

**TAFLA EFTIRLITSDAGAR** — **TAFLA 4**

| | ALLIR | RSÍ | HLUTFALL |
|---|---|---|---|
| **2015** | 71 | 15 | 21% |
| **2016** | 182 | 57 | 31% |
| **2017** | 208 | 67 | 32% |
| **2018** | 202 | 63 | 31% |
| **2019** | 200 | 126 | 63% |
| **2020** | 108 | 73 | 68% |
| **2021** | 115 | 93 | 81% |
| **2022** | 17 | 9 | 53% |

Rétt er að ítreka að markmiðið er ekki að skrá sem flestar kennitölur heldur er það að eftirlitið sé virkt, að eftirlitsfulltrúar séu sýnilegir og heimsæki sem flesta vinnustaði. Að eftirlitið sé virkt sem flesta daga á hverju ári.

## Þjónustuteymi

Þjónustuteymi RSÍ sinnir þjónustu vegna orlofs- og styrktarsjóðs auk almennrar móttöku félagsmanna inn á skrifstofu RSÍ. Þessir þættir eru umfangsmikill þáttur þjónustunnar enda mikil tenging við félagsmenn í gegnum styrktar- og orlofssjóð. Starfsmenn þjónustuteymis eru Álfhildur Guðmundsdóttir bókari, Björn Ágúst Sigurjónsson umsjónarmaður fasteigna RSÍ, Eyjólfur Óli Jónsson umsjónarmaður orlofssvæðisins í Miðdal, Hrönn Magnúsdóttir umsjónarmaður orlofskerfis RSÍ, Erla Sigríður Erlingsdóttir gjaldkeri, Ragnar Valur Ragnarsson umsjónarmaður orlofssvæðisins á Skógarnesi og Sigrún Sigurðardóttir skrifstofustjóri. Frá áramótum (2021/2022) var aukið við samstarf í Húsi Fagfélaganna og við þau tímamót færðust þrír starfsmenn úr starfsliði RSÍ yfir til Húss Fagfélaganna. Það eru þau Álfhildur (Rekstrarsvið), Georg (Kjarasvið) og Sigrún (Þjónustusvið). Á sama tímapunkti bættist starfsfólk Húss Fagfélaganna við þann hóp sem sinnir þjónustu við félaga innan RSÍ.
Þjónustusvið Húss Fagfélaganna er skipað eftirtöldu starfsfólki:

Elzbieta Sajkowska, *móttaka, símsvörun og túlkun fyrir pólskt félagsfólk.*
Gerður Helgadóttir, *móttaka og símsvörun.*
Helga Árnadóttir, *móttaka og símsvörun.*
Helga Björg Steingrímsdóttir, *félagakerfi og símsvörun.*
Sigrún Sigurðardóttir, *forstöðumaður.*
Guðrún Elínborg Guðmundsdóttir, *ráðgjafi VIRK starfsendurhæfingarsjóðs.*
Hlín Guðjónsdóttir, *ráðgjafi VIRK starfsendurhæfingarsjóðs.*
Hildur Petra Friðriksdóttir, *ráðgjafi VIRK starfsendurhæfingarsjóðs.*
Rakel Björk Gunnarsdóttir, *ráðgjafi VIRK starfsendurhæfingarsjóðs.*
Unnur B. Árnadóttir, *ráðgjafi VIRK starfsendurhæfingarsjóðs.*

Formleg opnun var á nýrri móttöku 11. febrúar síðastliðinn sem staðsett er á 1.hæð í miðju húsinu. Við þá breytingu bættist Elzbieta Sajkowska í hóp starfsmanna í móttöku en hún hefur verið starfsmaður VM, félags vélstjóra- og málmtæknimanna. Elzbieta er pólskumælandi sem gerir félögunum kleift að veita pólskumælandi félagsfólki þjónustu á þeirra tungumáli.



*Formenn frá vinstri: Kristján Þórður Snæbjarnarson, Guðmundur Helgi Þórarinsson, Finnbjörn A. Hermannsson ,Hilmar Harðarson, Óskar Gunnarsson*

Verkefni þjónustuteymis hafa verið mörg vegna yfirstandandi faraldurs en hann hafði mikil áhrif á orlofskerfið þar sem líkt og á fyrra ári þurfti að grípa til lokana á húsum og endurgreiða bókanir. Þegar dreifing smita jókst verulega með Omicron afbrigðinu þá fjölgaði breytingum á bókunum mikið sökum veikinda fólks. Því fór mikill tími í afbókanir á leigum í orlofskerfinu með auknu álagi á það starfsfólk sem sinnir afbókunum, endurgreiðslum og ekki síst bókhaldinu. Álag jókst jafnframt á sjúkrasjóðnum þar sem töluverð aukning var á umsóknum um sjúkradagpeninga sem og styrkjum almennt. Fjöldi umsókna í sjúkrasjóði á árinu 2021 var um 4.100 umsóknir. Mikið er hringt inn á skrifstofuna en til að gefa betri mynd af stöðunni þá hafa á árinu 2021 borist um 22.500 símtöl í símkerfi Húss Fagfélaganna. Þessu til viðbótar eru þau símtöl sem hringt er beint í starfsfólk, bæði í borðsíma sem og farsíma. Einnig berast fjölmargar fyrirspurnir í tölvupóstum þó ekki liggi fyrir hversu margar þær fyrirspurnir eru.
Sú nýbreytni var tekin upp á þessu starfsári að senda sjálfstæða þjónustukönnun til félagsfólks RSÍ, var ekki hluti af okkar árlegu launakönnun eins og verið hefur síðustu ár. Alls tóku 866 félagar þátt í þjónustukönnuninni, af þeim höfðu 587 nýtt sér þjónustu RSÍ á síðustu 12 mánuðum. Flestir hafa nýtt sér líkamsræktarstyrk og styrk vegna sjúkraþjálfunar. Þegar spurt var út í ánægju félagsfólks með þá styrki sem þeim stendur til boða þá eru 91% þeirra sem svöruðu mjög ánægðir eða ánægðir. Þessi niðurstaða er í samræmi við þær væntingar sem lagt var upp með í starfsáætlun síðasta árs. Jafnframt var spurt út í fleiri þætti þjónustunnar eins og orlofsmál, aðgengi að þjónustu í gegnum "mínar síður", lögfræðiþjónustu og aðstoð vegna kjaramála. Ánægja með þjónustuna í heild sinni var 87% sem er örlítið lægra en þau markmið sem lagt var upp með í starfsáætluninni. Þessi niðurstaða er hins vegar ásættanleg en mikilvægt að halda áfram og vinna markvisst að því að auka ánægjustig félagsfólks enn frekar. Markmið könnunarinnar var jafnframt að mæla NPS skor (Net Promoter Score) RSÍ. NPS er alþjóðlegur mælikvarði í þjónustustjórnun sem byggir á því hversu líklegt félagsfólk okkar er til að mæla með eða hallmæla þeirri þjónustu sem það fékk hjá RSÍ. NPS skorið er mælt með því að spyrja félagsfólk að því hversu líklegt eða ólíklegt það er að það mæli með þeirri þjónustu sem það fékk. Félagsfólk fær jafnframt opna spurningu um það hvað við getum gert betur sé það þeirra mat að þess þurfi, sem er mikilvægur þáttur í þeirri mikilvægu vinnu að hámarka gæði þjónustunnar. Að mörgu þarf að huga þegar veita á framúrskarandi þjónustu og þar er starfsfólkið ekki undanskilið. Í október 2021 var haldið námskeið fyrir starfsfólk RSÍ sem heitir "að veita framúrskarandi þjónustu" sem er liður í þeirri vegferð sem lagt var upp með í síðustu starfsáætlun. Meginmarkmið námskeiðsins var m.a. að skilgreina hvað er framúrskarandi þjónusta, leggja áherslu á væntingar félagsfólks, fara yfir kvartanir og mikilvægi þeirra í að bæta árangur. Til að meta gæði þjónustunnar er jafnframt mikilvægt að þjónustan sé mæld á þeim tímapunkti sem hún er veitt. Því var tekin ákvörðun um að fara af stað með könnun sem send er út til félagsmanna um leið og þjónustan er veitt. Þjónustan er mæld eftir þeim leiðum sem hún berst til okkar, þ.e. með tölvupósti, símtali eða komu á skrifstofu. Fyrstu niðurstöður verða kynntar á Sambandsstjórnarfundi 2022.

## VIRK starfsendurhæfingarsjóður

2F Hús Fagfélaganna hefur umsjón með starfsemi ráðgjafa VIRK á Stórhöfðanum. Ráðgjafar VIRK í starfsendurhæfingu eru Guðrún Elínborg Guðmundsdóttir, Hlín Guðjónsdóttir, Hildur Petra Friðriksdóttir, Rakel Björk Gunnarsdóttir og Unnur B. Árnadóttir. Þrátt fyrir heimsfaraldur gekk vel að halda úti fullri starfsemi með aðstoð tækninnar þar sem fjarfundabúnaður var nýttur í viðtölum.
Í upphafi árs 2022 var tekin ákvörðun um að auka frekar samstarf sjúkrasjóða félaganna á Stórhöfðanum og VIRK starfsendurhæfingarsjóðs með það að markmiði að auka þjónustu við félagsfólk sem er fjarverandi á vinnumarkaði vegna veikinda. Það samstarf felur í sér að félagsfólki stendur til boða viðtal hjá ráðgjafa um þjónustu VIRK án þess að formleg tilvísun hafi verið send. Tilgangurinn er markviss upplýsingagjöf til félagsfólks um þá þjónustu sem VIRK veitir með það að markmiði að endurhæfinging geti hafist sem fyrst og leitt þannig til skjótari endurkomu viðkomandi á vinnumarkað. Forsenda þátttöku í þessu verkefni er undirritað samþykki viðkomandi.

## Rekstrar- og fjármálasvið

Á rekstrar- og fjármálasviði starfa Álfhildur Guðmundsdóttir (frá RSÍ), Þorsteinn Hilmarsson og Pálmi Finnbogason sem jafnframt er forstöðumaður. Sviðið annast bókhald og gjaldkerastörf auk á ætlunargerðar í nánu samstarfi við framkvæmdastjóra Húss Fagfélaganna. Matráðarnir Marta Kristjánsson og Harpa Snæbjörnsdóttir falla einnig undir sviðið en þær sinna umsjón og innkaupum fyrir mötuneytið auk ræstinga og undirbúningi funda.

## Helstu kennitölur úr bókhaldi

Félagsgjöld til RSÍ árið 2021 (félagsgjöld félagsm.) námu alls 294,5 milljónum króna og hækkuðu um rúmar 19 milljónir, það jafngildir 7% hækkun á milli ára. Fjöldi greiðandi félaga allt árið 2021 voru 5.921 en árið 2020 voru greiðandi kennitölur 5.897 sem er fjölgun um 0,4%.

Atvinnuleysi hefur verið mikið frá upphafi heimsfaraldursins og endurspeglast erfiðara ástand í samfélaginu í rekstrinum. Rekstrartekjur samstæðunnar í heild námu um 924,7 milljónum í samanburði við rúmar 874,9 milljónir árið 2020.

Rekstrargjöld á árinu 2021 námu alls 969,2 milljónum og því varð rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur neikvæð um rúmar 44,5 milljónir, vaxtatekjur og gjöld námu 29,2 milljónum og var því rekstrarafkoma ársins neikvæð um samtals 15,3 milljónir. Þó svo samstæðan sé rekin með halla á síðasta ári þá hefur staðan batnað verulega á milli ára en árið 2020 var hallinn rúmar 109 milljónir. Hallinn skýrist bæði árin fyrst og fremst af ástæðum sem rekja má til heimsfaraldursins og þá fyrst og fremst vegna hárra greiðslna í sjúkradagpeninga. Nánar má lesa um útgjöld Sjúkrasjóðs í umfjöllun um Sjúkrasjóðinn síðar í skýrslunni.

Sambandssjóður er miðja bókhalds RSÍ og aðildarfélaga. Heildartekjur sambandssjóðs voru um 198 milljónir sem er aukning um 5,5%. Rekstrargjöldin námu um 179,1 milljón og því var rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur jákvæð um samtals 19,4 milljónir. Sambandssjóður greiðir auk þess vexti til annarra sjóða sambandsins og aðildarfélaga og námu nettó vaxtagreiðslur samtals um 2 milljónum. Rekstrarafkoma sambandssjóðs er því jákvæð um 17,4 milljónir.

## Fundir miðstjórnar

Miðstjórn hefur fundað 11 sinnum á liðnu starfsári, frá maí 2021 til maí 2022, auk þess sem framkvæmdastjórn hefur fundað reglulega, iðulega í aðdraganda miðstjórnar-funda. Fyrirkomulag fundanna hefur verið breytilegt en bæði hefur verið notast við fjarfundarform en síðan staðfundarform þegar færi hefur gefist til þess. Heimsfaraldur kórónuveirunnar hefur nú annað árið í röð haft veruleg áhrif á félagsstarfið þó svo okkur hafi tekist ágætlega að nýta þann tíma sem gefist hefur til fundar-halda. Úrdráttur úr fundargerðum miðstjórnar eru nú aðgengilegar félagsmönnum í gegnum “Mínar síður”.

Helstu málefni sem miðstjórn hefur fjallað um á þessu starfsári eru mál sem snúa að heimsfaraldrinum, umfjöllun um þá kjarasamninga sem RSÍ hefur gert auk hefðbundins rekstrar RSÍ og sjóða sambandsins.
Dæmi um málefni sem hafa verið til umræðu á miðstjórnarfundum undanfarið starfsár:

- Skipulagsmál innan RSÍ
- Samstarf í Húsi Fagfélaganna
- Mat á forsendum kjarasamninga haustið 2021
- Málefni orlofssjóðs
- Vinnustaðaeftirlit og samstarf víðsvegar um landið
- Menntasjóður rafiðnaðarins og ýmsar styrkveitingar
- Hækkun námskeiðsstyrks úr 25.000 kr. í 70.000 kr. frá 1.1.2022
- Launakönnun RSÍ
- Markaðslaunamælaborð
- Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ
- Stefna RSÍ og úrvinnsla ýmissa verkefna tengt stefnunni
- Þjónustukannanir
- Félagsfundir RSÍ
- Umræða um ýmsa styrki til félagsfólks, flugávísanir o.s.frv.
- Jólastyrkur til atvinnulausra og þeirra sem eru í veikindum og fá greidda sjúkradagpeninga
- Fasteignamál félagsfólks, möguleg fjárfesting í byggingu blokkar á vegum Blæs íbúðaleigufélags
- Auglýsingaherferð RSÍ 2022
- Og margt fleira



*Efri röð frá vinstri: Haraldur Örn Sturluson, Kristján Helgason, Þór Hinriksson, Jakob Tryggvason, Finnur Víkingsson, Guðmundur Ævar Guðmundsson, Jón Óskar Gunnlaugsson, Steinar Guðjónsson, Hörður Bragason, Hilmar Guðmannsson, Hafliði Sívertsen. Neðri röð frá vinstri: Bára Laxdal Halldórsdóttir, Hrönn Jónsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Elma Bjarney Guðmundsdóttir, Eiríkur Jónsson, Ragnar G. Gunnarsson, Georg Páll Skúlason, Sigmundur Þórir Grétarsson.*

## Sambandsstjórnarfundur 2021

Sambandsstjórnarfundur RSÍ 2021 fór fram á Akureyri dagana 27. - 28. ágúst sem er óvenju seint. Þrátt fyrir að heimsfaraldur væri enn að hafa áhrif í samfélaginu þá gafst þó tækifæri til þess að funda við nokkuð eðlilegar aðstæður. Á sambandsstjórnarfundinum var farið yfir helstu málefni líðandi stundar. Ársreikningar og skýrsla miðstjórnar var tekin fyrir. Vinna hafði farið fram mánuðina á undan við að undirbúa þing RSÍ sem fram fer árið 2023 en í þeim efnum var farið yfir þingsköp RSÍ með það að markmiði að undirbúa skjalið og taka félagslega umræðu um nauðsynlegar breytingar. Sambandsstjórn tók til umræðu og afgreiðslu mál sem vísað var frá þingi RSÍ 2019 um breytta reiknireglu við talningu fjölda félagsmanna sem eru til grundvallar að fjölda þingfulltrúa á þingum RSÍ. Tillaga frá framkvæmdastjórn og miðstjórn var að halda lagagreininni óbreyttri. Var sú tillaga samþykkt.
Vinna fór fram við mótun stefnu RSÍ allt frá haustinu 2019 en heimsfaraldur hafði þau áhrif að stöðva þurfti þá vinnu um tíma en þegar vinnan fór aftur á skrið skall á næsta smitbylgja og hægja þurfti á vinnunni og koma henni í annan farveg. Úr urðu drög að stefnu RSÍ sem miðstjórn RSÍ samþykkti á fundi sínum 27. maí 2021. Guðfinna S. Bjarnadóttir kynnti stefnuna fyrir sambandsstjórn og var hún staðfest á fundinum. Starfsáætlun næsta árs var til umræðu og sköpuðust miklar umræður um starfsemina á komandi ári.
Árleg yfirferð á siðareglum RSÍ fór fram á fundinum auk þess sem kynning var á nýju markaðslaunatóli hjá Gallup þar sem launakönnun RSÍ er gerð aðgengileg fyrir félagsfólk með þeim hætti að auðveldara er að skoða launaþróun mismunandi hópa. Kjaramálin voru að sjálfsögðu til umræðu en mánuði síðar var komið að síðustu endurskoðun kjarasamninga þar sem ákveðið var að segja kjarasamningum ekki upp, þrátt fyrir forsendubrest vegna vanefnda ríkisstjórnar.
Breytingar voru gerðar á skipan miðstjórnar og sambandsstjórnar að beiðni aðildarfélaga sem var samþykkt.

## Styrkveitingar

Sambandsstjórn ákvað að veita tvo styrki til góðra málefna. Voru það Hrói Höttur barnavinafélag og Tækniminjasafnið á Seyðisfirði sem fengu 1 milljón hvor. Tækniminjasafnið varð fyrir miklum áföllum við skriðuföllin en tjónið var mikið og því mikilvægt að aðstoða við uppbyggingu áfram. Hrói Höttur barnavinafélag er 10 ára gamalt félag sem styrkir börn sem búa við skort. Á tímum samdráttar og heimsfaraldurs er staða barna enn viðkvæmari og því sérstaklega mikilvægt starf sem samtökin vinna. Augljóst er að fjármunum er vel varið þarna.

## Félagsfundir á tímum heimsfaraldurs

Þann 14. október hófst fundarferð RSÍ um landið. Fundirnir voru liður í því að hefja formlegan undirbúning fyrir næstu samningalotu þar sem félagsfólk í aðildarfélögum RSÍ getur komið áhersluatriðum beint til okkar. Auk þess er farið er yfir ýmis mál úr starfseminni.
Fyrsti fundur fór fram á Akranesi og var Fjölbrautarskóli Vesturlands jafnframt heimsóttur.
Tveir opnir félagsfundir voru haldnir á Ísafirði, einn að kvöldi 14. október sökum þess að félagar á svæðinu óskuðu eftir auka fundi þar sem hádegisfundur á föstudegi var óhentugur fundartími fyrir marga, meðal annars vegna styttingar vinnuvikunnar. Seinni fundurinn var haldinn í hádeginu á föstudaginn 15. október. Þrátt fyrir að fundir hafi verið fámennir þá voru umræður gríðarlega góðar. Menntaskólinn á Ísafirði var heimsóttur en kennsla í rafvirkjun hófst síðasta haust eftir langan tíma.
Í kjölfarið var haldið áfram og heilt yfir var fundað á eftirtöldum stöðum: Akranes, Akureyri, Ísafjörður, Reykjavík, Reykjanesbær, Selfoss, Sauðárkrókur, Húsavík, Neskaupsstað, Reyðarfjörður, Höfn í Hornafirði

Auk þess var skipulagður fundur í Vestmannaeyjum sem ekki tókst að halda sökum óveðurs þann dag sem skipulagður hafði verið. Fundarferðin var að sjálfsögðu, eins og áður segir, einnig nýtt til þess að heimsækja vinnustaði og verkmenntaskóla þar sem það var mögulegt. Vinnustaðir voru meðal annars heimsóttir í Búðardal, Ísafirði, Mjólkárvirkjun og í Borgarfirði.
Þeir framhaldsskólar sem voru heimsóttir voru Menntaskóli á Ísafirði, Fjölbrautarskóli Vesturlands, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Verkmenntaskóli Austurlands.
Á vormánuðum 2022 er áætlað að halda áfram fundarferðinni og halda tvo síðustu fundina í þessari lotu, í Vestmannaeyjum og á Vesturlandi.
Félagsfundirnir voru almennt vel sóttir en á öllum þeirra sköpuðust miklar og góðar umræður um stöðu mála og þær áherslur sem félagar okkar vilja að áhersla verði lögð á í komandi kjarasamningum. Umræður fundanna skila sér í efni kröfugerðar RSÍ líkt og fyrri ár.

## Orlofssjóður

Orlofssjóður RSÍ heldur utan um eignir sambandsins sem stór hópur félaga okkar nýtir sér til gagns og gamans allt árið um kring. Almennt eru félagar ánægðir með orlofshúsin sem RSÍ á og rekur en lögð hefur verið áhersla á það á undanförnum árum að tryggja sjálfbæran og góðan rekstur orlofskerfisins. Þrátt fyrir að heimsfaraldur kórónuveirunnar hafi haft veruleg áhrif á íslenskt samfélag og þar með talið rekstur orlofssjóðs RSÍ þá hefur miðstjórn

RSÍ lagt áherslu á að halda áfram uppbyggingu og viðhaldi innan kerfisins á sama tíma.
Unnið hefur verið að viðhaldi orlofshúsanna á Einarsstöðum á síðustu árum þar sem mikil þörf var komin á viðhald. Búið er að endurnýja hús 4 og 13 en hús 30 er eftir. Miðstjórn RSÍ hefur tekið ákvörðun um að fara í endurbyggingu á því húsi. Ástand hússins er ekki gott, fúi og mygla er komin í húsið og því hagstæðara til lengri tíma að endurnýja húsið. Undirbúningur að framkvæmdum er í gangi.
Miðstjórn RSÍ tók ákvörðun um að selja minni húsin á Kirkjubæjarklaustri. Ekki hafa fengist ásættanleg tilboð í húsin og því hefur sölu verið frestað. Vatnstjón varð í húsi B á Kirkjubæjarklaustri og var tækifærið nýtt og gerðar meiri lagfæringar á húsinu en kostnaður sem féll til vegna tjónsins var bætt af tryggingafélaginu.
Miklar framkvæmdir hafa verið á Skógarnesi á undanförnum starfsárum. Vinna er mjög langt komin við byggingu á 150 fermetra vélaskemmu. Vélaskemman er komin í notkun þó svo enn eigi eftir að klára frágang á minniháttar þáttum. Unnið er að því að steypa upp nýtt rými fyrir vatnsinntak í húsið sem jafnframt þjónustar svæðið.
Síðastliðinn vetur lauk framkvæmdum við byggingu á tveimur nýjum húsum á Skógarnesi. Húsin eru númer 15 og 16 og eru upphaflega hugsuð til afnota fyrir sumarstarfsfólk sem ráðið er til starfa á svæðið yfir sumartímann. Húsin hafa verið í útleigu í vetur og hefur nýting þeirra verið vonum framar. Húsin eru 37 fermetrar að stærð, með einu svefnherbergi.
Eins og áður segir þá hefur heimsfaraldurinn haft margvísleg áhrif á reksturinn. Í upphafi faraldurs var tekin ákvörðun að endurgreiða allar leigur til þeirra sem þess óskuðu þannig að félagsfólk bæri ekki kostnað vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Skipulag á tjaldsvæðum RSÍ hefur verið í samræmi við samkomutakmarkanir síðustu tvö sumur og nýting minni en svæðin ráða við almennt. Bókunarkerfi hefur verið notað þar sem mögulegt er að bóka tjaldstæði með allt að þriggja vikna fyrirvara og auðveldar það félögum okkar undirbúning fyrir útileguna. Almenn ánægja hefur verið með fyrirkomulagið og skilningur á stöðunni. Sama fyrirkomulag verður viðhaft á komandi sumri.

Mikið hefur verið um endurnýjanir á orlofshúsakosti RSÍ frá 2018 með fjölgun íbúða á Akureyri og í Reykjavík. Nýverið ákvað miðstjórn að fjárfesta í nýrri íbúð við Frakkastíg í Reykjavík en um er að ræða sömu byggingu og íbúðir á Hverfisgötu. Á móti mun íbúð í Ljósheimum 10 verða seld þegar tækifæri gefst til þess. Ákveðið var að bjóða þá íbúð til afnota fyrir flóttafólk sem hefur þurft að flýja frá Úkraínu. Jafnframt var ákveðið að fjárfesta í tveimur húsum í Hálöndum á Akureyri og heimilað var að selja allt að þrjár íbúðir í Furulundi á Akureyri í staðinn. Nú hafa félagar í aðildarfélögum RSÍ náð að kynnast betur nýjasta orlofssvæðinu í Miðdal sem kom inn með aðild Grafíu að sambandinu. Orlofssvæðið í Miðdal er glæsilegt útivistarsvæði með vel útbúnu tjaldsvæði þar sem stutt er á golfvöll Dalbúa í Miðdal. Á svæðinu er tjaldsvæði sem er sambærilegt við það sem félagar þekkja af Skógarnesi. Auk þess eru fjögur orlofshús sem eru í útleigu til félaganna. Í Miðdal er auk þess mikill fjöldi orlofshúsa sem eru í eigu félagsfólks sem hefur byggt upp hús sín á svæðinu. Húsin geta eingöngu félagar í aðildarfélögum RSÍ keypt og greiða þeir ákveðna leigu af lóðinni. Í Miðdal er auk þess land leigt undir golfvöll en það er golfklúbburinn Dalbúi sem leigir af RSÍ/Grafíu. Golfvöllurinn er 9 holu völlur sem verulega skemmtilegt er að spila, í fallegri náttúru.
Unnið er að enn meiri uppbyggingu í Miðdal en nú á vormánuðum hófst vinna við stækkun á salernisaðstöðu við tjaldsvæðið í Miðdal og mun stærra hús opna fyrir sumarið. Með stækkun verður veruleg breyting á þeirri aðstöðu sem boðið er uppá.



## Nýting orlofshúsa

Eins og sjá má í töflu nr. 5 er nýting orlofshúsanna farin að taka við sér í kjölfar heimsfaraldursins. Eins og sjá má var árið 2020 með mjög slaka nýtingu en á tímum þurfti að loka íbúðum og orlofshúsum vegna smithættu. Á síðasta ári tók leiga heldur betur við sér og er nýting komin upp í það sem við eigum að venjast, þrátt fyrir að tímar takmarkana hafi haft áhrif á stöðuna. Vinsældir orlofshúsanna eru aðeins breytilegar á milli ára þó heildarnýtingin sé mjög svipuð, sé horft fram hjá árinu 2020. Athyglisvert er að sjá hversu góð nýting er í orlofsíbúðum á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir fjölgun íbúða þar í lok árs 2018 og nýrri íbúð sem bættist við með aðild Grafíu að RSÍ 2019. Á höfuðborgarsvæðinu er mest nýting í íbúðum á Hverfisgötu, næst í Gerplustræti og síðan minnst í Ljósheimum. Til að gæta sanngirni þá er rétt að geta þess að í Ljósheimum er ein íbúð frátekin sem sjúkraíbúð og ekki bókanleg beint af netinu. Hafa þarf samband við skrifstofu til að bóka hana. Nýting húsa á Flórída hefur eðli máls samkvæmt verið lítil sem engin á tímum heimsfaraldurs enda voru Bandaríkin lokuð fyrir ferðamönnum frá mars 2020 til nóvember 2021. Eftir opnun hefur aðsókn og nýting verið verulega mikil og ljóst að félagar hafa margir hverjir verið á faraldsfæti eftir að aðstæður fóru að batna.

Nýting íbúða á Spáni hefur að sama skapi einnig lækkað á milli ára sem skýrist fyrst og fremst af heimsfaraldrinum.

NÝTING ORLOFSHÚSA

**TAFLA 5**

| 2011-2021 | Dagar | Leiga | Hlutfall | Röð | Dagar | Leiga | Hlutfall | Röð | Dagar | Leiga | Hlutfall | Röð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2021 | 2021 | | | 2020 | 2020 | | | 2019 | 2019 | |
| Akureyri - Furulundur | 1.825 | 1.122 | 61,48% | 4 | 1.825 | 829 | 45,42% | 6 | 1.295 | 817 | 63,09% | 14 |
| Akureyri - Kristjánshagi | 2.190 | 1.334 | 60,91% | 2 | 2.190 | 929 | 42,42% | 3 | 2.190 | 1402 | 64,02% | 13 |
| Illugastaðir 3 | 365 | 185 | 50,68% | 19 | 365 | 148 | 40,55% | 20 | 90 | 14 | 15,56% | 23 |
| Einarsstaðir | 730 | 549 | 75,21% | 8 | 730 | 382 | 52,33% | 11 | 1.095 | 648 | 59,18% | 16 |
| Flórída | 730 | 69 | 9,45% | 23 | 730 | 96 | 13,15% | 22 | 730 | 340 | 46,58% | 20 |
| Hvammstangi (3 mán) | 90 | 74 | 82,22% | 22 | | | | | | | | |
| Klaustur B hús | 365 | 116 | 31,78% | 20 | 365 | 277 | 75,89% | 12 | 365 * | 347 | 95,07% | 1 |
| Klaustur lítil hús | 730 | 59 | 8,08% | 24 | 730 | 228 | 31,23% | 15 | 730 * | 376 | 51,51% | 19 |
| Klifabotn / Illugastaðir | 730 | 337 | 46,16% | 13 | 730 | 251 | 34,38% | 14 | 730 | 328 | 44,93% | 21 |
| Reykjavík - Gerplustræti | 730 | 510 | 69,86% | 10 | 730 | 415 | 56,85% | 10 | 730 | 491 | 67,26% | 12 |
| Reykjavík - Hverfisgata | 1.095 | 776 | 70,87% | 7 | 1.095 | 552 | 50,41% | 7 | 1.095 | 799 | 72,97% | 8 |
| Reykjavík - Ljósheimar | 1.825 | 1.218 | 66,74% | 3 | 1.825 | 955 | 52,33% | 2 | 2.280 | 1652 | 72,46% | 9 |
| Skógarnes - minni hús | 1.460 | 957 | 65,55% | 5 | 1.460 | 851 | 58,29% | 4 | 1.460 | 1168 | 80,00% | 4 |
| Skógarnes - stóra húsið | 365 | 204 | 55,89% | 18 | 365 | 176 | 48,22% | 19 | 365 | 216 | 59,18% | 16 |
| Skógarnes - stærri hús | 3.650 | 2.428 | 66,52% | 1 | 3.650 | 2100 | 57,53% | 1 | 3.650 | 2072 | 56,77% | 18 |
| Spánn | 1.095 | 468 | 42,74% | 12 | 1.095 | 269 | 24,57% | 13 | 1.095 | 768 | 70,14% | 10 |
| Miðdalur | 1.460 | 945 | 64,73% | 6 | 1.460 | 839 | 57,47% | 5 | 450 | 185 | 41,11% | 22 |
| Stykkishólmur | 365 | 259 | 70,96% | 15 | 365 | 205 | 56,16% | 18 | 365 | 251 | 68,77% | 11 |
| Svignaskarð | 730 | 489 | 66,99% | 11 | 730 | 441 | 60,41% | 9 | 730 | 448 | 61,37% | 15 |
| Vaglaskógur | 365 | 281 | 76,99% | 14 | 365 | 210 | 57,53% | 16 | 365 | 279 | 76,44% | 5 |
| Varmahlíð | 365 | 229 | 62,74% | 17 | 365 | 208 | 56,99% | 17 | 365 | 270 | 73,97% | 7 |
| Vatnsfjörður | 112 | 84 | 75,00% | 21 | 112 | 84 | 75,00% | 23 | 112 | 92 | 82,14% | 3 |
| Vestmannaeyjar | 365 | 258 | 70,68% | 16 | 240 | 141 | 58,75% | 21 | 200 * | 177 | 88,50% | 2 |
| Ölfusborgir | 730 | 543 | 74,38% | 9 | 730 | 451 | 61,78% | 8 | 455 | 339 | 74,51% | 6 |
| | 22.467 | 13.494 | 60,06% | | 22.252 | 11037 | 49,60% | | 20.942 | 13479 | 64,36% | |

## Tekjur og gjöld á hvert orlofshús

Í töflu 6 hér að neðan má sjá hver kostnaður er af rekstri orlofshúsa RSÍ ásamt því að sýndur er samanburður á milli ára. Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði er hagstæðari á síðasta starfsári en árið á undan , fer úr 34,7% í 56,4%. Þess ber þó auðvitað að geta að fyrra ár var Covid ár þar sem lokanir og endurgreiðslur voru miklar. Viðhald er mikilvægur þáttur í rekstri orlofshúsakerfis og kostnaður sem ekki verður hjá komist í kerfi sem þessu. Markmiðið er að veita góða þjónustu með góðum orlofshúsum/íbúðum sem uppfylla kröfur félaga okkar sem og að rýra ekki eignastöðu sjóðsins. Meðvituð ákvörðun var tekin að halda áfram framkvæmdum í orlofskerfinu þrátt fyrir efnahagsþrengingar. Jafnframt er rétt að geta þess að greining á kostnaði á orlofssvæðum sem eru alfarið í eigu RSÍ getur tekið meiri sveiflum en önnur svæði þar sem RSÍ eitt ber kostnað af stærri framkvæmdum eða greiðir stærri hluta. Sem dæmi má sjá aukinn kostnað í Miðdal árið 2021 sökum þess að ráðist var í að setja bundið slitlag á stofnbraut inn að orlofshúsum og tjaldsvæði. Auk þess var ráðist í að ljósleiðaravæða bæði Skógarnes og Miðdal og fellur þar einskiptis kostnaður við slíkt á svæðin.

TEKJUR OG GJÖLD

TAFLA 6

| 2021 | FJÖLD. HÚS Á ÁRSG. VELLI | HEILDAR-TEKJUR 2021 | HEILDAR-GJÖLD 2021 | TEKJUR PR.HÚS 2021 | GJÖLD PR.HÚS 2021 | LEIGA SEM HLUTFALL AF REKSTRAR-KOSTNAÐI 2021 | 2020 | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík - Ljósheimar | 5 | 6.862.250 | 9.677.522 | 1.372.450 | 1.935.504 | 70,9% | 41,2% | 42,2% | 76,7% |
| Reykjavík - Hverfisgata | 3 | 6.345.800 | 5.537.430 | 2.115.267 | 1.845.810 | 114,6% | 71,6% | 113,1% | |
| Reykjavík - Gerplustræti | 2 | 3.424.171 | 3.492.581 | 1.712.086 | 1.746.291 | 98,0% | 69,5% | 99,5% | |
| Svignaskarð | 2 | 2.049.500 | 5.168.725 | 1.024.750 | 2.584.363 | 39,7% | 24,7% | 29,3% | 39,8% |
| Vatnsfjörður-Flókal. | 1 | 314.200 | 1.614.908 | 314.200 | 1.614.908 | 19,5% | 20,8% | 25,8% | 26,0% |
| Varmahlíð | 1 | 1.366.900 | 1.555.723 | 1.366.900 | 1.555.723 | 87,9% | 58,5% | 75,9% | 99,6% |
| Akureyri - Furulundur | 5 | 5.893.000 | 11.960.243 | 1.178.600 | 2.392.049 | 49,3% | 47,5% | 65,4% | 38,0% |
| Akureyri - Kristjánshagi | 6 | 8.463.700 | 10.895.451 | 1.410.617 | 1.815.909 | 77,7% | 46,6% | 74,1% | 68,9% |
| Vaglaskógur | 1 | 1.799.400 | 2.997.237 | 1.799.400 | 2.997.237 | 60,0% | 42,9% | 57,9% | 44,2% |
| Einarsstaðir | 2 * | 1.461.400 | 6.192.621 | 730.700 | 3.096.311 | 23,6% | 9,6% | 31,0% | 12,1% |
| Klifabotn | 2 | 732.500 | 1.431.715 | 366.250 | 715.858 | 51,2% | 23,3% | 22,8% | 31,0% |
| Illugastaðir | 1 | 1.085.900 | 1.991.740 | 1.085.900 | 1.991.740 | 54,5% | | | |
| Klaustur B+2 lítil | 3 | 898.700 | 3.341.950 | 299.567 | 1.113.983 | 26,9% | 111,8% | 265,5% | 173,8% |
| Skógarnes - minni hús | 4 | 4.295.900 | 13.347.662 | 1.073.975 | 3.336.915 | 32,2% | 25,0% | 28,9% | 32,9% |
| Skógarnes - stærri hús | 10 | 14.047.700 | 33.131.601 | 1.404.770 | 3.313.160 | 42,4% | 29,0% | 34,6% | 38,3% |
| Skógarnes - stóra húsið | 1 | 3.008.400 | 4.522.968 | 3.008.400 | 4.522.968 | 66,5% | 57,9% | 81,8% | 71,6% |
| Skógarnes - Tjaldstæði | 3 | 5.948.163 | 10.276.923 | 1.982.721 | 3.425.641 | 57,9% | 50,7% | 81,8% | 38,7% |
| Ölfusborgir | 2 | 2.139.400 | 4.357.939 | 1.069.700 | 2.178.970 | 49,1% | 45,3% | 39,2% | 35,5% |
| Stykkishólmur | 1 | 1.305.800 | 3.696.553 | 1.305.800 | 3.696.553 | 35,3% | 25,0% | 33,2% | 21,3% |
| Miðdalur | 4 | 4.924.550 | 21.383.324 | 1.231.138 | 5.345.831 | 23,0% | 22,3% | 0,0% | |
| Miðdalur Svæði+þj.hús | 2 | 2.853.592 | 12.397.960 | 1.426.796 | 6.198.980 | 23,0% | 19,0% | 0,0% | |
| Miðdalur / Tjaldsv. | 1 | 1.102.900 | 3.034.489 | 1.102.900 | 3.034.489 | 36,3% | | | |
| Spánn La Zenia | 3 | 4.449.450 | 3.150.449 | 1.483.150 | 1.050.150 | 141,2% | 1,1% | 108,8% | 92,9% |
| USA - Flórída | 1 | 1.224.000 | 3.013.557 | 1.224.000 | 3.013.557 | 40,6% | -15,4% | 83,7% | 10,0% |
| Hvammstangi | 1 | 392.200 | 1.115.956 | 392.200 | 1.115.956 | 35,1% | -13,3% | 94,6% | 74,1% |
| Vestmannaeyjar | 1 | 1.382.400 | 1.252.164 | 1.382.400 | 1.252.164 | 110,4% | 18,0% | 32,4% | 46,3% |
| **Meðaltal** | 68 | 87.771.876 | 180.539.390 | 32.864.635 | 66.891.017 | 56,4% | 34,7% | 63,4% | 53,6% |

* Á Einarsstöðum eru þrjú hús en hús nr. 30 hefur ekki verið í leigu undanfarin ár vegna skemmda. Rekstrarkostnaður byggðarinnar greiðist þrátt fyrir það.

## Sumarúthlutun 2022

Opið er fyrir umsóknir í orlofshúsum RSÍ í febrúar ár hvert og úthlutað út frá punktastöðu 1. mars. Mikil breyting var á fjölda umsókna á milli ára, fóru úr 516 árið 2020 í 1040 árið 2021 og nú aftur niður í 663. Mikill munur er á stöðu í heimsfaraldrinum á milli ára. Nú sjáum við mikla aukningu á ferðalögum erlendis og augljóst að fólk getur valið um að ferðast innanlands sem og erlendis.

Niðurstöður úthlutunar út frá punktastöðu eru birtar á heimasíðu RSÍ í kjölfar úthlutunar ár hvert. Í töflu 7 má sjá hæstu og lægstu punkta í hverju orlofshúsi fyrir sig sem og punktastöðu þess sem fékk úthlutun eftir vikum. Ef við rýnum í tölfræðina og skoðum meðaltal punktafjölda sem þurfti til úthlutunar þá voru þeir 201 í ár, 2021 var meðaltalið 236 punktar samanborið við 180 punkta 2020.

TAFLA 7

| | 03/06 2022 | 27/05 2022 | 10/06 2022 | 17/06 2022 | 24/06 2022 | 01/07 2022 | 08/07 2022 | 15/07 2022 | 22/07 2022 | 29/07 2022 | 05/08 2022 | 12/08 2022 | 19/08 2022 | Fæstir punkt. | Flestir punkt. | Meðal-tal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Akureyri - K.h. 2, íbúð nr 105 | 40 | | 210 | 62 | 284 | 331 | 283 | 383 | 199 | 204 | 47 | | | 40 | 383 | 204 |
| Akureyri - F.l. 8P | | | | 230 | 317 | 349 | 191 | 301 | 188 | 433 | 198 | | | 188 | 433 | 276 |
